



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga velferðarráðs, dags. 30. apríl 2018, um að fjölga samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), ásamt minnisblaði, dags. 30. apríl 2018.

Á fundi velferðarráðs, þann 3. maí 2018, var lögð fram að nýju, svohljóðandi, svo breytt, tillaga velferðarráðs, dags. 30. apríl 2018, um að fjölga samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), ásamt minnisblaði, dags. 30. apríl 2018.

Lagt er til að samþykkt verði að fjölga NPA samningum um sex til sjö á árinu 2018 til að mæta viðbótarframlagi frá ríkinu. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna aukningarinnar er metinn á 97,3 mkr. á ársgrundvelli.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Brún þörf er á að ljúka heildarendurskoðun í stuðningsþjónustu samhliða því að lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir taka gildi. Skoða þarf fjármögnun og hvort stuðningsþjónusta með nýjum reglum eigi að vera bundinn liður.

Samþykkt.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er hér með send borgarráði til samþykktar.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Reykjavík, 30. apríl 2018
330. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Tillaga

Efni: Tillaga Vinstri grænna, Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Pírata um að fjölga samningum um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Lagt er til að samþykkt verði að fjölga NPA samningum um sex til sjö á árinu 2018 til að mæta viðbótarframlagi frá ríkinu. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna aukningarinnar er metinn á 97,3 mkr. á ársgrundvelli.

Greinargerð:

Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um NPA og var verkefnið samþykkt í borgarráði þann 4. apríl 2013. Verkefnið hefur verið framlengt þar til lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir taka gildi, en löggin voru samþykkt á Alþingi þann 26. apríl sl.

Fjárlög ríkisins 2018 gera ráð fyrir viðbótarframlagi vegna nýrra NPA samninga. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg fái sem nemur allt að 65,2 mkr. og er þar gert ráð fyrir framlagi vegna samnings eins einstaklings með öndunarvélarþjónustu. Til þess að nýta mótframlag ríkisins er lögð til fjölgun NPA samninga. Heildarfjárhæð NPA samninga árið 2018 er áætluð 242,8 mkr. Gert er ráð fyrir því að um 40% af heildarfjárhæð nýrra samninga megi fjármagna með núverandi þjónustu sem fellur niður þegar notandi fær þjónustu í formi NPA samnings í stað eldra fyrirkomulags. Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar vegna nýrra NPA samninga er áætluð um 97,3 mkr. á ársgrundvelli að teknu tilliti til mótframlags ríkisins.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði Sigurbjargar Fjölnisdóttur, deildarstjóra dags. 30. apríl 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 30. apríl 2018
VEL2018030007
330. fundur
AT/sf

Lagt fyrir fund velferðarráðs 3. maí 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, deildarstjóri

Efni: *Áframhald tilraunaverkefnis um NPA á árinu 2018*

Forsaga

Þann 21. mars 2013 samþykkti velferðarráð að setja á laggirnar tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir fatlað fólk. Tilraunaverkefnið byggir á IV. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks. Borgarráð samþykkti tilraunaverkefnið 4. apríl 2013. Upprunalega átti verkefninu að vera lokið í árslok 2014, en hefur verið framlengt þar til ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir taka gildi, en löggin voru samþykkt á Alþingi þann 26. apríl sl. Gert er ráð fyrir að NPA verði gert að lögbundnu þjónustuúræði þegar löggin öðlast gildi. Í fjárlögum ríkisins 2018 er heimild til að gera nýja NPA samninga.

Nú eru 13 einstaklingar með þjónustu á grundvelli NPA samninga hjá Reykjavíkurborg.

Í fjárlögum ríkisins fyrir árið 2018 hefur verið samþykkt 140 mkr. viðbótarframlag í nýja NPA samninga, en ríkið greiðir 25% af þeim NPA samningum sem sveitarfélög gera við sína notendur. Af þeim eru 30 mkr. áætlaðar í tvo sólarhringssamninga vegna öndunarvélþjónustu. Til viðbótar við þær 110 mkr. sem eftir standa koma 16 mkr. frá síðasta ári og eru því 126 mkr. til ráðstöfunar fyrir nýja NPA samninga utan við öndunavélasamninga. Samkvæmt upplýsingum frá velferðarráðuneytinu mun Reykjavíkurborg fá 40% af þeirri fjárhæð eða 50,2 mkr. Miðað við 25% framlag ríkisins geta nýir NPA samningar sem Reykjavíkurborg gerir við sína notendur numið allt að 200,8 mkr. á árinu.

Greinargerð

Almennir NPA samningar

Þann 15. mars 2018 var minnisblað lagt fyrir velferðarráð um áætlun um fjölda og kostnað vegna nýrra NPA samninga á árinu 2018. Í því minnisblaði kom fram að samkvæmt upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum væri þörf fyrir að mæta þjónustu við 36 einstaklinga á árinu 2018 með NPA samningum. Samkvæmt þeirri áætlun hefði upphæð NPA samninganna numið 607 mkr. og mótframlag ríkisins 152 mkr. af þeirri fjárhæð. Nú liggur fyrir að Reykjavíkurborg mun fá 40% af þeim 126 mkr. sem eru áætlaðar sem mótframlag ríkisins á árinu 2018, eða samtals 50,2 mkr.

Þar sem mótframlagi ríkisins (50,2 mkr.) er ætlað að standa straum af kostnaði við 25% af samningunum er ljóst að Reykjavíkurborg þarf að fjármagna 75% af samningunum, eða 150,6 mkr.

Þar sem um áframhald tilraunaverkefnis ríkisins, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks um NPA er að ræða fram að gildistöku nýju laganna er lagt til að við þá aukningu á samningum, sem Reykjavíkurborg hefur tók á að gera á árinu 2018, sé horft til þeirra einstaklinga sem nú þegar eiga umsókn um tilraunaverkefnið og eru í forgangi fyrir þjónustu þar sem ekki er hægt að mæta einstaklingsbundnum þörfum þeirra á annan hátt með hefðbundinni þjónustu. Er því lagt til að fyrst sé horft til þess hóps sem er í þörf fyrir sólarhringsþjónustu enda gerir gildandi framvæmd ekki gert ráð fyrir næturþjónustu. Af þeim 36 einstaklingum sem tilgreindir voru í greiningu þjónustumiðstöðvanna samkvæmt fyrrgreindu minnisblaði frá 15. mars eru 13 einstaklingar sem eiga umsókn um þátttöku í tilraunaverkefninu og óska eftir næturþjónustu.

Viðbótarkostnaður til að standa straum af nýjum NPA samningum með sólarhringsþjónustu er ófjármagnaður.

NPA samningur vegna öndunarfélagsstöðar

Samþykktar hafa verið 30 mkr. á árinu 2018 til að veita í NPA samninga vegna öndunarfélagsstöðar af hálfu ríkisins eins og áður hefur komið fram. Helmingur þess fjármagns hefur verið samþykktur fyrir Reykjavíkurborg þar sem fyrir liggur að koma þarf til móts við þarfir eins einstaklings á þessum tímapunkti með NPA samningi. Sá einstaklingur bíður eftir að komast í aðgerð vegna öndunarrennu og verður aðgerðin framkvæmd um leið og fyrir liggur að hægt verði að tryggja sólarhringsþjónustu og samkomulag þess eðlis verði gert milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Af því 15 mkr. framlagi sem Reykjavíkurborg mun fá frá velferðarráðuneytinu vegna þessa samnings er gert ráð fyrir 6 mkr. í sérfræðiaðstoð og 9 mkr. til að standa straum af 25% kostnaðar samningsins. Þar sem einstaklingurinn sem um ræðir er með umfangsmikla þjónustu sem veitt er af heimaþjónustu og þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er ekki unnt að færa til fjármagn vegna þessa samnings öðruvísi en að því starfsfólki yrði sagt upp störfum. Ekki er til fjármagn á þjónustumiðstöð til að standa straum af kostnaði þessa samnings og því óskað eftir að samþykkt verði viðbótarfjármagn til velferðarsviðs, 27 mkr., til að standa straum af kostnaði þess samnings.

Kostnaðarmat frá skrifstofu fjármála og reksturs

Árskostnaður sólarhrings NPA samnings með einum starfsmanni á vakt er um 35 mkr. Miðað við 25% mótframlag ríkisins 50,2 mkr. gæti heildarfjárhæð nýrra samninga verið 200,8 mkr. á ársgrundvelli. Hægt væri að gera á bilinu 5 til 6 nýja sólarhringssamninga miðað við þá heildarfjárhæð. Gert er ráð fyrir því að um 40% af heildarfjárhæð nýrra

samninga megi fjármagna með núverandi þjónustu sem fellur niður þegar notandi fær þjónustu í formi NPA samnings í stað eldra fyrirkomulags. Fyrirvari er á því hlutfalli þar sem það ræðst á endanum af þeirri þjónustu sem notendur voru með fyrir breytingu en umfang þjónustu er einstaklingsbundið. Miðað við gefnar forsendur væri hægt að fjármagna um 80,3 mkr. af 200,8 mkr. heildarfjárhæð nýrra samninga með núverandi fjárheimildum. Viðbótarfjárförf vegna nýrra samninga væri þá um 70,3 mkr. að teknu tilliti til mótframlag ríkisins.

Gert er ráð fyrir einum samningi vegna öndunarvélaraðstoðar. Áætlaður heildarkostnaður þess samnings er um 42 mkr. Samningurinn inniheldur álag vegna sérfræðiaðstoðar að fjárhæð 6 mkr. sem gert er ráð fyrir að verði fjármagnað beint frá ríkinu. Mótframlag ríkisins væri þá 25% af almenna hluta samningsins auk 6 mkr. í beinu framlagi, samtals 15 mkr. Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í samningnum væri þá um 27 mkr. Í tilfalli samningsins vegna öndunarvélaraðstoðar er ekki hægt að færa fjármagn úr núverandi fjárheimildum þar sem þjónustan sem væntanlegur notandi er með í dag er ekki bundin í beingreiðslur heldur fær viðkomandi þjónustu beint frá þjónustumiðstöð.

Samtals væri kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar 97,3 mkr. vegna sex til sjö nýrra NPA samninga, þar af einum samningi með öndunarvélaraðstoð.

Tafla 1. Nýir NPA samningar samkvæmt tillögu.

Fjöldi/ fjárhæð mkr	Fjöldi samninga	Fjárhæð	Mótframlag ríkis*	Flutt fjárheimild	Nettó kostnaður
Almennir NPA samningar	5 til 6	200,8	-50,2	-80,3	70,3
NPA samningur vegna öndunarvélaraðstoðar	1	42	-15	0	27
Samtals	6 til 7	242,8	-65,2	-80,3	97,3

*Gert er ráð fyrir 25% mótframlagi ríkis vegna almenna NPA samninga. NPA samningur vegna öndunarvélaaðstoðar gerir auk þess ráð fyrir 6 mkr beinu framlagi vegna sérfræðiálags.

Niðurstaða

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg hefur fengið 65,2 mkr. samþykktar af fjárlögum ársins 2018 til að standa straum af kostnaði við nýja NPA samninga. Af þeirri upphæð eru samþykktar 15 mkr. í einn samning vegna öndunarvélaraðstoðar og 50,2 mkr. til að gera aðra NPA samninga.

Lagt er til að hægt verði að bjóða sex til sjö einstaklingum samning sem eru nú þegar á bið eftir þátttöku í NPA tilraunaverkefninu og í brýnni þörf fyrir næturþjónustu. Til þess að það sé unnt er óskað eftir að samþykkt verði viðbótarfjármagn inn í þjónustu velferðarsviðs sem því nemur.